



Reykjavík, 8. janúar 2024

MSS24010089

Verndari alþjóðlega forvarnarverkefnisins Planet Youth

Lagt er til að borgarráð samþykki að Dagur B. Eggertsson, fráfarandi borgarstjóri, verði verndari alþjóðlega forvarnarverkefnisins „Planet Youth“. Borgarráð verði upplýst um framgang verkefnisins eins og tilefni er til.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Boðsbréf frá Planet Youth um að fráfarandi borgarstjóri verði verndari verkefnisins, dags. 8. janúar 2024

Dagur B. Eggertsson
Borgarstjóri

Reykjavík 8. janúar 2024

Sæll Dagur og takk fyrir gott samtal,

Eins og við báðir þekkjum hefur Reykjavíkurborg áorkað það að vera orðin heimsþekkt fyrir áherslu á aukin lífsgæði, betri hagi og líðan barna og ungmenna. Á sama tíma er Reykjavík þekkt fyrir góðan árangur í vímuefnaforvörnum sem byggðar hafa verið á samvinnu fólks á vettvangi, vísinda og stefnumótunar.

Aðferðafræðin hefur verið skráð á margvíslegan hátt og hefur um árabil þróast í það að vera mikilvæg útflutningsvara. Söguna þekkjum við vel og hefur Reykjavíkurborg og þú sem borgarstjóri stutt dyggilega við framgang og þróun aðferðafræðinnar undir hvaða nafni sem hún hefur gengið hverju sinni. Ísland án eiturylfja, Ungt fólk, Youth in Europe og nú Planet Youth.

En mikið höfum við lært á langri leið. Þegar Ungt fólk rannsóknirnar hófu göngu sína hjá RUM árið 1992 voru þær fyrst og fremst hugsaðar til stuðnings við uppeldi barna og menntamál. Í dag er veruleikinn allt annar og hefur Planet Youth verið í fararbroddi undanfarin ár í því að innleiða og aðlaga aðferðafræði Íslenska forvarnarmódelisins víða um heim – og eftirspurnin er mikil.

Alþjóðlegar stofnanir bjóða okkur reglulega að halda kynningar á okkar störfum og höfum við nýtt okkur þau tækifæri vel, nú síðast á ráðstefnu African Union sem haldin var í Sambíu ásamt fulltrúum WHO, UN, INL, ISSUP o.fl.

Stækkun Planet Youth hefur enda verið hröð og í dag störfum við í 17 löndum í fimm heimsálfum.
<https://planetyouth.org/>

Við erum með vörumerkið skráð í fjölda landa og erum með skráð fyrirtæki bæði í Bandaríkjunum og Mexíkó, til að styðja sérstaklega við starfsemina í Norður- Mið- og Suður Ameríku.

Við höfum lagað starfsemina að mismunandi menningarsvæðum og þróað nýjungar. Við höfum þróað námskeið og kennsluefni í öllu því sem mikilvægt er að samstarfsfólk okkar tileinki sér í þeim fimm ára samningum sem gerðir eru á hverjum stað. Við erum í stöðugri uppfærslu með um hundrað blaðsíðna „Community Implementation Guide“ (afsakaðu sletturnar en allt efni til á ensku, spænsku, þýsku og frönsku).

Við erum að stíga okkar fyrstu skref í að aðlaga Planet Youth að frumbyggjahópum í Kanada og Bandaríkjunum (e- Indigenous Parallel) en alls eru um 1200 slíkir skráðir, og áskoranir miklar.

Þá erum við erum í gangi með matskerfi sem gefur innsýn í hversu vel eða illa sveitarfélag er búið undir að hefja samstarf við Planet Youth, vef með rafrænu kennsluefni fyrir samstarfsfólk, Planet Youth skólann, verkefnisstjórnunarkerfi sem hjálpar okkur að halda utan um stöðu og framgang verkefna á hverjum stað, öflugt gagnaöflunar og úrvinnslukerfi sem getur tæknilega tekið við óendanlegum fjölda samstarfsaðila og að sjálfsgöðu frábært starfsfólk.

Við erum með 20 manns í dag á launaskrá, 10 staðsetta á Íslandi og 10 erlendis. Við höfum þjálfað mörg hundruð samstarfsaðila í löndunum til að tryggja að aðferðafræði og vinnubrögðum sé rétt við haldið. Þessir aðilar hafa svo farið með þekkinguna inn í sín sveitarfélög og þjálfað mörg þúsund einstaklinga til viðbótar, (e-train the trainer).

Ég legg áherslu á að félagið er ekki hagnaðardrifið og leggjum við alla áherslu á stækkun eins og ég nefndi. Markmiðið er einfaldlega að ná til og hafa áhrif á umhverfi eins margra barna í heiminum og við mögulega getum. Starfið í Reykjavíkurborg og vísan til árangursins í Reykjavík er okkur því afar mikilvægt. Okkar vilji stendur því mjög til þess að halda áfram samstarfi við Reykjavíkurborg og þig persónulega áfram á erlendri grundu.

Við vitum að það er þegar kallað eftir aðkomu þinni að kynningum í lýðheilsu og forvarnarmálum bæði vestan hafs og austan sem er verðmætt fyrir Planet Youth og Reykjavík. Slíkt myndi bæði hjálpa okkur að ná okkar markmiðum sem og að halda merkjum Reykjavíkurborgar á lofti, sem „The World Capital of Prevention“ í þeim löndum sem okkar hugur stendur til að vinna með.

Við erum þegar með í gangi svokallað „Ambassador program“ sem telur í dag sjö einstaklinga og „Advisory program“ sem telur einnig sjö einstaklinga. Þetta fólk er nánast allt staðsett erlendis og vinnur að því að kynna Planet Youth eða gefa ráð í einstaka málaflokkum, sem er okkur mjög mikilvægt í hinum mismunandi menningarsvæðum.

Í framhaldi af ofansögðu þætti okkur hjá Planet Youth afar vænt um, og mikill akkur í, ef þú myndir taka að þér hlutverk „Verndara“ Planet Youth á alþjóðavettvangi. Ég veit að þessi bón er bísna brött, en í ljósi alls þess sem þú hefur gert á þessum vettvangi og í ljósi þekkingar þinnar á málaflokknum, viljum við kanna hug þinn til þessa.

Þætti vænt um að heyra frá þér.

Mínar bestu kveðjur
Jón

